Tvisvar í mánuði

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Sovésku heimsvaldaoki hnekkt í Afriku

Sjá bls. 4

Prentvélina í notkun í jan.- 200000 kr. fyrir 15. des.

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) 15.Tbl. 30.nóv.-14.des.1977 100kr.

KJARADÓMUR GEGN BHM

Sem kunnugt er hefur Bandalag háskólamanna ekki venjulegan samnings- eða verkfallsrétt. Það er Kjaradómur ríkisvaldsins sem hefur úrslitavald í kjaramálum BHM.

BHM er í raun óhæft sem hagsmunasamtök launafólks með langskólamenntun úr t.d. háskólum. Þar ægir saman hluta úr auðstéttinni sjálfri (t.d. hæstaréttadómurum) og fólki er stendur verkafólki nærri (t.d. kennarar í fjölbrauta- og menntaskólum). Sumir félaga BHM eru atvinnurekendur, t.d. verkfræðingar og lögfræðingar ýmsir. BHM er enda máttlaus og sundruð samkunda og er rétt að berjast fyrir því að hún verði lögð niður og mest af launafólkinu fari yfir í BSRB.

Nú nýverið kvað kjaradómur upp úrskurð um kaup og kjör BHM næstu tvö ár. Þar er verulega vikið frá upphaflegum kröfum launamálaráðs BHM. Niðurstaðan er svipuð því sem samningar BSRB gáfu. Sem dæmi um laun má benda á að grunnlaun júlí - október verða eftirtalin í 5.þrepi í helstu flokkum (samsvarandi tala BSRB í sviga): A-11 147.600 (144.600); A-15 169.580 (166.450); A-18 186.100 (182.800; A-20 197.250 (193.700)

Mörgu verkafóli og baráttusinnum þykir réttilega mikill munur á sínum og þessum. En kaupmismunun er m.a. liður í tilraunum auðstéttarinnar til að viðhalda sundrungu vinnandi alþýðu. Eins græðir ríkið en ekki annað launafólk á litlum kauphækkunum - því marglogin "launakaka" sem atvinnurekendur nauða um er ekki til.

Það er því rétt að dæma kjaradóminn sem rýra kjarabót miðað við dýrtíð og samstöðu verkalýðs og annarrar alþýðu. Það er því heldur ekki rangt að lýsa yfir samstöðu með baráttu baráttusinna og launavinnufólks í BHM við að brjóta fjötra óhæfs skipulags og Kjaradóms.

Í hverju aðildarfélagi BHM verða baráttusinnar að vinna markvisst að úrsögn úr BHM, að Kjaradómur verði brotinn á bak aftur og fullur samnings- og verkfallsréttur verði fenginn.

Fréttaritari í BHM.

Sútunarverksmiðja Sláturfélagsins:

Vildi fá kosinn trúnaðarmann-

Við Grensásveg í Reykjavík stendur Sútunarverksmiðja Sláturfélags Suðurlands, en Sláturfélagið á sem kunnugt er ótal matvörubúðir í Reykjavík, auk frystihúss, kjötvinnslufyrirtækis o.fl. og að auki rekur fyrirtækið slátur- og frystihús á 12 stöðum víðs vegar á Suðurlandi. Forstjóri þessa fyrirtækjahrings er Jón H. Bergs, formaður "Vinnuveitendasambandsins."

Anna Reynisdóttir (mynd Vbl.)

Verkalýðsblaðið hefur fregnað að á meðal starfsfólks í Sútunarverksmiðjunni hafi verið talsverð óánægja og ólga um nokkurt skeið, enda hefur það tíðkast hjá forstjóranum að reka úr vinnu það fólk sem annað hvort hefur verið talið afkasta of litlu eða látið í ljós óánægju með fyrirkomulag á vinnustaðnum. Síðasti starfsmaðurinn, sem fengið hefur sparkið hjá Sútunarverksmiðju-forstjóranum er Anna

Frh. á bls. 3

-var rekin fyrir bragðið!

Sumarliði Ísleifsson járniðnaðarnemi:

„Gerum Járniðnnemafélagið að vopni í stéttabaráttunni"

Nýafstaðið landsþing Iðnnemasambands Íslands (INSÍ) var sögulegt fyrir ýmissa hluta sakir. Þar kom fram í fyrsta sinn í langan tíma skipulögð andstaða baráttusinna gegn forystu sambandsins, sem unnið hefur að því öllum árum að hengja kjarabaráttu iðnnema aftan í vagn ASÍ-forystunnar. Virkir í andstöðu þessari voru m.a. félagar í Járniðnaðarnemafélaginu í Reykjavík, en þetta félag hefur verið dautt þar til fyrir nokkrum vikum, að farið var huga að endurvakningu þess á grundvelli baráttustefnu. Verkalýðsblaðið spurði Sumarliða Ísleifsson, járniðnaðarnema um endurreisn félagsins.

-- Undanfarið hefur verið unnið að því að ná saman virkum kjarna járniðnaðarnema í því skyni að endurvekja félagið sem raunverulegt baráttutæki iðnnema í greininni. Þetta verk er aðeins rétt að komast af stað og er nú nauðsynlegt að stækka þennan kjarna og síðan þarf að vinna upp stefnu, raunverulega baráttustefnu, fyrir félagið. Meiningin er að gera félagið að hörðu vopni okkar í kjarabaráttunni, en ekki einu hjólinu enn undir stéttasamvinnuvagni ASÍ, eins og forysta INSÍ hefur leikið lengi. Fyrstu merki þess að félagið væri endurreist að nafni til voru sjáanleg á iðnnemaþinginu og er ekki annað hægt að segja en "upprisan" hafi komið forystu INSÍ óþægilega á óvart.

Sjá nánar um iðnnemaþingið á bls. 3.

Sumarliði Ísleifsson.(Mynd: Vbl.)

FALSKAR VERÐBÆTUR Á LAUNIN

Í launaumslög félaga ASÍ og BSRB bættust 1.des. tæpar 10.000 kr. sem "verðbætur". Í svikasamningum ASÍ var kveðið svo á að sjálfsögð krafa um fullar verðbætur skv. vísitölu (sem "vinstri" stjórnin afnam) yrði ekki viðurkennd, þess í stað yrði vísitalan reiknuð út sem áður en greidd föst upphæð, 930 kr. fyrir hvert prósentustig sem hún hækkaði um.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur fyrr greint frá mörgum verðhækkunum. Síðan síðast hafa strætisvagnagjöld hækkað úr 60 í 70 kr. farið, almenn smásölu- og heildsöluálagning um 10%, einstakar vörutegundir allverulega osfrv.

Fyrir venjulega fjölskyldu í verkalýðs- og alþýðustétt hafa allar verðhækkanirnar síðan í vor í för með sér gjaldahækkun uppá tugþúsundir króna á mánuði. Það gefur auga leið að "verðbætur" stéttasamvinnu-

Frh. á bls. 3

Útgerðarfélag Akureyringa:

Réttindabaráttu svarað með hótunum

Verkamenn í fiskmóttöku frystihúss Útgerðarfélags Akureyringa hafa átt í deilu undanfarið við yfirmenn Útgerðarfélagsins (ÚA). Verkalýðsblaðið hafði tal af einum þeirra, Frosta Meldal, og spurði hann fyrst um kröfur þeirra.

-- Við krefjumst þess að hækka úr 3. í 5.kauptaxta verkalýðsfélagsins Einingar. Þeir sem vinna að löndun úr togurunum eru á 5.taxta og vinna svipaða vinnu og við. Einnig má nefna aðbúnaðinn hérna. Móttakan er opin fyrir veðri og vindum og það er eðlilega slæmt á vetrum.

-- Og viðbrögð yfirmanna ÚA?

-- Þeir hótuðu að reka 9 menn sem hér vinna og kváðust geta fengið nóg af verkamönnum í staðinn. Þeir sendu síðan menn úr saltfiskinum í staðinn fyrir okkur 8.nóv. eftir að við höfðum farið í yfirvinnuverkfall. Nokkrir gáfu sig, aðallega þeir sem standa í húsbyggingum og eru með fjölskyldu. Dagvinnan segir lítið í þeirri aðstöðu. En uppsagnarbréf höfum við ekki fengið enn.

-- Hefur verkalýðsfélagið (Eining) stutt ykkur?

-- Ég kalla það nú tæplega því nafni. Jón Einingarformaður Helgason ræddi við forstjóra ÚA og bar okkur þau skilaboð að hann neitaði að ganga að kröfunum. Jón sagði að þá væri ekki annað að gera en að við reyndum að leita að vinnu annars staðar!! Okkur finnst auðvitað hart að fá slíkan

Frh. á bls. 4

Fræðslufundur ElK(m-l): Þróun sósíalismans í Kína:



Eftir 39 ár frá endalokum KFÍ-

Sérhver hinna þriggja þjóðfélagsstétta á sér einn eða fleiri stjórnmálaflokk þegar litið er yfir langan tíma.

En eiginlegur stjórnmálaflokkur verkalýðsins er ekki til. Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkur eru verkalýðsflokkar einungis í þeim skilningi að þeir sækja nokkuð kjörfylgi til verkalýðsins. Hópur æfintýramanna á borð við Fylkinguna eða rekald á borð við "Kommúnistaflokkinn" ("KFÍ /ML") er auðninni ofurselt.

EIK(m-l) eru flokks - byggingarsamtökin!

Löngum er rætt um baráttuna í "gamla daga" með virðingu. Borgaralegur og sósíaldemókratískur flokkur eins og AB reynir jafnvel að nýta slíkt tal til að blekkja alþýðufólk til fylgis við sinn falssósíalisma.

Á árum kreppunnar miklu þróuðust efnahagsleg og pólitísk skilyrði á þann veg að smíði baráttufúss forystuafls verkalýðsins var óhjákvæmileg. Kommúnistaflokkur Íslands hóf göngu sína í lok nóvember 1930. Á átta árum tókst til-tölulega fámennum flokki alþýðufólks (að meirihluta) að leiða rismestu baráttu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

Hvers vegna?

Vegna þess að flokkurinn beitti marx-leníníismanum sem starfsleiðsögn, skaut rótum meðal fjöldans og var skipulagður á vinnustöðum og í hverfum, á baráttuvettvangnum sjálfum.

Alvarlegir brestir í flokknum, í stefnu og starfi breyta ekki þessum staðreyndum. Hins vegar kom fljótlega að því að tæring flokksins varð honum fótakefli. Þegar uppúr 1935 var markvisst unnið að því að leggja hann niður, svipta verkalýðinn byltingarsinnuðum grunni og boða stéttasamvinnu í stað stéttabaráttu.

Með stofnun Sósíalistaflokksins sem "vinstri" krataflokks og Alþýðubandalagsins varð þróun verkalýðsbaráttunnar að samfelldri hnignunarsögu. Ástandið er þannig nú að þorri verkalýðsins er reiður en þögull áhorfandi að árásum auðvaldsins og arðráni. Orsök þessa er ekki "leti" og "tímaskortur" eins og "verkalýðs"foringjar segja, heldur svik þeirra og "verkalýðs"flokkanna.".

ÞRÓUNINNI SKAL SNÚIÐ.

Enn á ný batnar jarðvegur undir nýja sókn verkalýðs og annarrar vinnandi alþýðu til bættra kjara og fullra þjóðfélagsvalda. Unnið er af krafti við uppbyggingu nýs kommúnistaflokks. Einingarsamtök kommúnista (marx-leníníista) - EIK(m-l) - og VERKALÝÐSBLAÐIÐ eru burðarásar þess starfs. Það felst í fræðslu- og upplýsingastarfi, þátttöku í baráttu og félagsstarfsemi verkalýðs, baráttustarfi í skólum, og smíði og rekstri samfylkinga um baráttumál. EIK(m-l) hafa starfað á þriðja ár, hrist af sér Fylkinguna og "KFÍ/ML" - sem hefur árangurslaust verið krafinn sameiningar á grundvelli sérstaks sameiningarplaggs.

Staða hinnar ungu en vaxandi kommúnísku hreyfingar á Íslandi er því ágæt. Fyrir dyrum stendur eitt helsta skrefið að sjálfri stofnun nýja kommúnistaflokksins, III. landsþing EIK(m-l). Það afgreiðir m.a. ítarlega flokksbyggingaráætlun og drög að stefnu- og starfsskrá flokksins og verður mikil lyftistöng framsæknu baráttustarfi.

BLIKUR Á LOFTI.

Nú 47 árum eftir stofnun KFÍ og 32 árum eftir lok II. heimsstyrjaldarinnar, eru stormar í aðsigi. Byltingarhreyfingu heimsins vex hratt fiskur um hrygg, en samtímis undirbúa risaveldi auðvaldsins Bandaríkin og Sovétríkin, enn eina stórstyrjöldina. Það sæmir engum staðföstum manni að draga sig inn í skel eða beygja höfuð þótt átök stéttanna verði harðari, heima og heiman. Aflið liggur í raun og veru hjá fjöldanum. Hann mun óhjákvæmilega rústa núverandi hagkerfi, eins og öll þau gömlu. Framlag einstaklingsins í baráttu fyrir betra lífi er hluti af heildinni.

Sérhver alþýðumaður verður að gera skyldu sína. Fyrstu skrefin felast m.a. í þátttöku í hvers kyns framsækinni baráttu og í smíði kommúnísks verkalýðsflokks með EIK(m-l).

ÁSKRIFTA SÖFNUN

100 nýir áskrifendur fyrir 1.janúar!

Verkalýðsblaðið er ungt blað, en samt þegar orðið beitt vopn í stéttabaráttunni. Forsenda þess að blaðið haldi áfram að styrkjast og eflast er að lesendafjöldi þess aukist jafnt og vinnandi alþýða taki blaðið meir og meir í sína þjónustu í hagsmuna- og pólitískri baráttu sinni. Í þessu sambandi er áskrift að blaðinu mikilvæg í tvennum skilningi: Í fyrsta lagi tryggja áskrifendur fjárhagsafkomu blaðsins og þar með útkomu þess og í öðru lagi tryggir áskrift að blaðinu að áskrifandi fær blaðið reglulega í pósti. GERIST ÁSKRIFENDUR. Hvetjið vini og kunningja til að gerast áskrifendur. 100 nýja áskrifendur fyrir 1.janúar 1978.



gerist áskrifendur

PRENTVÉLAR SÖFNUN

200 þús. í prentvélasjóð fyrir 15.desember.

Á þessu ári fór af stað fjársöfnun til prentvélakaupa og var markmiðið 1/2 milljón fyrir árslok. Þegar í lok október, tveimur mánuðum fyrr en áætlað, hafði safnast inn yfir 1/2 milljón króna, sem sýnir að margir eru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum til eflingar Verkalýðsblaðsins og marx-leníníska hreyfingarinnar Íslandi.

Prentsmiðja kostar mikla peninga og er að öllu leyti fjármögnuð með söfnunum og frjálsum framlögum. Með þessu tölublaði fer ný söfnun af stað. Vegna meiri útgjalda en búist var við vegna prentsmiðjukaupanna ríður nú á miklu að áskrifendur og stuðningsmenn styrki söfnunina með fjárframlögum. Markmiðið sem sett er nú er hátt, þ.e. að safna 200. þús. kr. fyrir 15.des. Allir peningar sem gefnir eru í söfnunina þýða nýtt og betra Verkalýðsblað. Gerum betur, tryggjum að prentsmiðjan standi tilbúin í janúar.



OPIÐ BRÉF TIL „KFÍ/ML"

EIK(m-l) hefur borist opið bréf "KFÍ/ML" dagsett 13.11. 1977. Vegna þess er nauðsynlegt að taka fram eftirfarandi:

Það er ekki rétt að EIK(m-l) hafi með opnu bréfi í 8.tbl. Vbl. '77 ómerkt yfirlýsingu sína frá í feb.(2.tbl.Vb. '77) en hún hljóðar svo:

"KFÍ/ML" er endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki samvinna né viðræða".

Þessi afstaða til "KFÍ/ML" mun standa þar til:

1. "KFÍ/ML" hefur gert upp við fyrri villur og forsögu sína.
2. "KFÍ/ML" hefur samþykkt sameiningargrundvöll EIK(m-l) í höfuðatriðum.
3. "KFÍ/ML" viðurkennir að EIK(m-l) séu marx-leníníska samtök og stofnun þeirra hafi ekki verið klofningsaðgerð, heldur jákvæð framsókn marx-leníníismans.
4. "KFÍ/ML" svarar opnu bréfi úr Verkalýðsblaðinu 12. tbl.'76. Þá fyrst eru EIK (m-l) reiðubúin til umræðna eða ráðstefnuhalda."

Þessi afstaða er í fullu gildi og því frekar nú, sem svör "KFÍ/ML" eru alls ófullnægjandi eins og sýnt verður hér á eftir. Varðandi afstöðu EIK(m-l) til hugmyndar "KFÍ/ML" um opna sameiningarráðstefnu vísast til Verkalýðsblaðsins 2.tb.'77.

Svör "KFÍ/ML".

1.spurningin var: Hvaða atriði eru það sem sundra en sameina ekki í stefnugrundvelli EIK(m-l) og hvernig er vikið frá marx-leníníisma í honum?

Í svari sínu minnist "KFÍ/ML" einungis á afstöðu EIK(m-l) til forsögu flokksins og er ljóst að afstaða "KFÍ/ML" til eigin sögu er óbreytt. Flokkurinn ætlar sér greinilega ekki að gera upp við fortíð sína.

Í annan stað er því haldið fram að EIK(m-l) reyni að "fela" að nokkrir núverandi fél. EIK(m-l) störfuðu áður í Fylkingunni. Um þetta segir svo í sameiningargrundvellinum (bls.5, h.d.):

"Marx-leníníska hugmyndir fengu hljómgrunn í Fylkingunni eftir 1970 og marx-leníníistar úr hópi námsmanna erlendis tengdust forsvarsmönnum þeirra þar. Tilraunir þeirra til þess að þröa Fylkinguna yfir í marx-leníníska samtök fóru út um þúfur, m.a. vegna of vægrar baráttu gegn endurskoðunarstefnunni og eigin endurskoðunarvillum þessara marx-leníníista. Fylkingin var því aldrei marx-leníníska sem samtök, þótt marx-leníníistum tækist að móta rétta línu samtakanna í nokkrum málum. Það er því mat marx-leníníista nú, að rangt hafi verið að starfa innan Fylkingarinnar á þessum tíma og reyna að þróa hana í átt til marx-leníníisma. Hið eina rétta hefði verið að stofna marx-leníníska samtök þegar árið 1972."

Ekkert kemur fram hvort "KFÍ/ML" telur önnur atriði í sameiningargrundvellinum í ósamræmi við marx-leníníismann.

2.spurningin var: Sameinast marx-leníníistar um grundvallaratriði marx-leníníismans og uppgjör við endurskoðunar- og hentistefnu? Ef svo er, hvers vegna hefur "KFÍ/ML" ekki tekið nánari afstöðu til sameiningargrundvallarins?

Í svari "KFÍ/ML" segir: "... okkur er ekki ljóst hvernig það síðara getur óhjákvæmilega leitt af því fyrra í spurningunni." Því er fljótsvarað. Ef sameiningarvilji "KFÍ/ML" væri meira en orðin tóm tæki flokkurinn að sjálfsögðu afstöðu til stefnuplaggs sem ætlað er að vera grundvöllur að sameiningu marx-leníníista. EIK(m-l) líta svo á, að marx-leníníistar sameinist á þessum grundvelli en ekki á grundvelli stefnuskráa EIK(m-l) eða "KFÍ/ML".

Það er rangt, sem fram kemur í svarinu, að "KFÍ/ML" hafi bent á að marx-leníníistar sameinuðust á þeim grundvelli sem fram kemur í spurningunni. KSML/"KFÍ/ML" hafa aldrei samþykkt fjögur skilyrði EIK(m-l) um fræðilega og skipulagslega grundvallareiningu, einingu um helstu baráttumál dagsins og uppgjör við endurskoðunar- og hentistefnu. Bréfið sýnir að afstaða "KFÍ/ML" er óbreytt.

3.spurningin var: Hver er afstaða "KFÍ/ML" til grundvallarins og þar með til sameiningar marx-leníníista?

Þó ekki sé það tekið beint fram í svarinu virðist sem "KFÍ/ML" geti ekki samþykkt grundvöllin sem undirstöðu sameiningar. Er því furðulegt að flokkurinn skuli ekki taka nánari afstöðu til hans. Þetta sýnir að sameiningarvilji "KFÍ/ML" er enginn.

Segja má að þetta sé eina spurningin sem "KFÍ/ML" svarar, þó fremur sé svarið loðið.

4.spurningin var: Úr því að KSML hafði "ranga stefnu í flestum eða öllum baráttumálum" (bréf KSML 19.12.'75) og sömu grundvallarafstöðu og sænsk, dönsk og norsk gagnbyltingarsamtök (yfirlýst bróðursamtök KSML) - hvernig getur KSML þá haft rétta afstöðu til grundvallaratriða marx-leníníismans og verið marx-leníníísk frá stofnun?

"KFÍ/ML", sem fyrr í bréfinu sökuðu EIK(m-l) um að fela fortíð sína, reyna nú að klóra yfir að KSML höfðu sömu afstöðu og gagnbyltingarsamtökin. Eða hvernig gátu þessi samtök verið yfirlýst bróðursamtök KSML ef ekki á grundvelli sameiginlegrar stefnu? Um þetta bera ályktanir I. landsráðstefnu KSML gleggst vitni.

Það hefur lengi vafist fyrir "KFÍ/ML" að útskýra hvernig hægt er að hafa "ranga stefnu í flestum eða öllum baráttumálum" en rétta afstöðu til grundvallaratriða marx-leníníismans. Svarið sýnir að þeim hefur ekki farið fram, heldur eru nú fjær því að gera upp við endurskoðunarstefnuna en áður.

EIK(m-l) hafa aldrei litið á KSML/"KFÍ/ML" sem marx-leníníísk samtök; Svarbréfið - sem og þróun "KFÍ/ML" - breytir ekki þessari afstöðu, heldur styrkir hana.

Í Vbl. 12.tbl.'76 birtist opið bréf til "KFÍ/ML" þar sem framangreindar 4 spurningar voru settar fram. Þetta var ítrekað í grein í Vbl. 2.tbl.'77.

Svar "KFÍ/ML" er dagsett 13.11.'77, og þar er fagnað opna bréfinu í 8.tbl. Þessi síðbúnu fagnaðarlæti "KFÍ/ML" eru í hæsta máta tortryggileg. Þau sýna að "KFÍ/ML" neitar enn að taka afstöðu til sameiningargrundvallarins og gera upp við ranga stefnu.

EIK(m-l) sjá því ekki ástæðu til að taka aftur ummæli í leiðara Vbl. 12.tbl.'77, um að "KFÍ/ML" sé ónothæf og óstarfhæf klíka, heldur ítreka þau. Enn fremur sjáum við ekki ástæðu til viðræðna við "KFÍ/ML" um sameiningu.

Það eina sem getur breytt þessari afstöðu EIK(m-l) er að "KFÍ/ML" uppfylli kröfuna sem sett er fram í fyrrnefndum leiðara: SVARIÐ SAMEININGARGRUNDVELLINUM LIÐ FYRIR LIÐ!

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l).

gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

Landsþing iðnnema:

Eldskírn baráttustefnunnar

Á iðnnemaþinginu 18.-20.nóv. skiptust þingfulltrúar í stórum dráttum í tvær fylkingar þegar líða tók á þingið. Annars vegar var hópur leiðandi manna í Iðnnemasambandinu og fylgismenn þeirra, þ.e. þeir sem vilja láta ASÍ-báknið reka baráttu iðnnema fyrir þá. Hins vegar þeir sem efla vilja raunverulega baráttustefnu í iðnnemahreyfingunni og berjast gegn stéttasamvinnu og svikastefnu ASÍ-foringjanna og byggja iðnnemahreyfinguna upp neðan frá. Það var því grundvallarágreiningur á ferðinni. Blaðið spurði Sumarliða Ísleifsson, járniðnaðarnema, hvaða lærdóma mætti draga af þinginu.

-- Þetta er tvímælalaust tímamótasamkoma iðnnema. Þarna kom í fyrsta sinn fram baráttustefna sem nokkuð heilsteypt stefna. Þessi stefna í kjarabaráttunni hefur legið niðri í verkalýðshreyfingunni að mestu í áratugi og er því ný af nálinni og óþekkt meðal iðnnema. Sá hljómgrunnur sem hún fékk á þinginu verður því að teljast mikill sigur fyrir baráttusinna.

Þennan sigur má glögglega lesa út úr sumum ályktunum þingsins, þar sem við fengum samþykktar breytingartillögur, t.d. var kjaramálaályktunin, í höfuðatriðum orðin jákvæð eftir allmargar breytingartillögur. Hins vegar voru hlutföllin milli baráttusinna og forystunnar og stuðningsmanna hennar mjög jöfn og í lokin var samþykkt s.k. "þjóðmálaályktun", sem er hreint þrugl. Í kjaramálaályktuninni var samþykkt fordæming á stefnu ASÍ í síðustu samningum, m.a. var bent á að yfirvinnubannið hafi verið neikvæð aðgerð í heild. Í kjaramálaályktuninni segir m.a:

"Stéttarfélögin eru orðin að meira eða minna leyti skrifstofubákn, en fjöldinn er óvirkur og frumkvæði hans er oft á tíðum barið niður. Völdin í verkalýðshreyfingunni færast á fárra manna hendur. Nú er svo komið að tugir manna sér um og ákveður í meginatriðum kröfugerð, baráttuaðferðir og ákveður hver niðurstaða samninga skuli vera. Verkalýðshreyfingin snýr ekki vörn í sókn fyrr en þessu ástandi hefur verið breytt, það er að breyta verkalýðshreyfingunni úr skriffinnskustörfum í baráttuhreyfingu. Stöðva verður þá þróun, að nær öll völd hlaðist á hendur ASÍ-forystunnar, en í stað þess að auka sem mest áhrif félaga og sambanda. Berjast verður gegn þeirri samvinnustefnu sem ASÍ-forystan hefur viðhaft við atvinnurekendur og ríkisvald þeirra.

Gegn miðstýringu í verkalýðshreyfingunni, gerum stéttarfélögin að baráttutækjum! Baráttustefnu í stað samvinnustefnu við atvinnurekendur og ríkisvald þeirra!"

"Þetta þing var lærdómsríkt fyrir baráttusinna meðal iðnnema, en baráttan fram undan verður hins vegar að vera fólgin í því að endurreisa hvert og eitt félag iðnnema sem baráttutæki," sagði Sumarliði að lokum.

..var rekin...

Frh. af forsíðu

Reynisdóttir, en hún hefur unnið þar sl. 2 ár. Anna er einstæð móðir og stundar nám við öldungadeild Menntaskólans í Hamrahlíð og stendur hún nú uppi atvinnulaus. Verkalýðsblaðið hitti hana að máli og spurði um ástæður fyrir uppsögninni.

- Það var látið heita svo sem þetta stafaði af fækkun starfsfólks og nú fyrir nokkrum dögum kom forstjórinn til mín og sagði að það væri óhjákvæmilegt að fækka fólki. "Þú ert m.a. í sigtinu", sagði hann og þegar ég gekk á hann, þá kom í ljós að þessi orð átti ég að taka sem uppsögn. Hann sagði að ég gæti fengið bréf ef ég vildi og ætlaðist hreinlega til að ég hætti næstu daga. Ég spurði hvort ég ætti þá ekki að vinna út minn 2ja mánaða uppsagnartíma og þá svaraði hann að líklega gæti ég fengið það ef ég vildi. En ég fann að það var allt reynt til að gera andrúmsloftið mér andsnúið og fór ég því út og hef ekki látið sjá mig þarna.

- En raunverulegar ástæður fyrir uppsögninni?

AUGLÝST EFTIR NÝJU FÓLKI!

- Fækkun er örugglega ekki ástæðan. Ég veit að 4 nýir hafa byrjað síðan ég hætti, og þeir hafa auglýst eftir verkafólki. Ástæðan er frekar sú, að ég fór að hafa orð á því að við þyrftum að kjósa okkur nýjan trúnaðarmann á vinnustaðnum, en sá sem nú er, er verkstjóri yfir okkur og afar illa liðinn. Þessi maður á ekki samleið með okkur, hans hagsmunir fara saman með hagsmunum atvinnurekendanna og því er eðlilegt að fá nýjan trúnaðarmann. Einnig bað ég um kauphækkun fyrir einu ári og fékk neitun. Annars er það reglan á þessum stað að þeir eru reknir sem opna munninn eða þeir sem taldir eru skila ekki nægilegum gróða. Ég man eftir þremur sem fengið hafa spark á ekki mjög löngum tíma!

- Reyndir þú að fá aðstoð stéttarfélags þíns, IÐJU?

- Já, ég hafði strax samband við einhvern á skrifstofunni og fékk aðeins það svar að þetta væri allt saman löglegt og ekkert væri hægt að gera. Þeim finnst sjálfsagt allt í lagi að hafa yfirmann fyrir trúnaðarmann og láta reka hvern starfsmanninn á fætur öðrum án þess svo mikið sem gera athugasemdir!

- Hvernig brást samstarfsfólkið við uppsögninni?

- Það var misjafnt. Yngra fólkið er mun meira meðvitað um það sem er að gerast þarna og hjá því er ólgan mest. Allir sögðu sem svo að þetta væri leiðinlegt mál, en fólk er hrætt og þorir ekki að gera mikið meira. Enginn veit hver fær næsta spark. Ég vona bara að starfsfólkið taki upp baráttu fyrir því að fá raunverulegan trúnaðarmann og linni ekki látum fyrr en það hefur náðst í gegn. Það væri sannarlega mikill sigur!

Verkalýðsblaðið tekur undir orð Önnu Reynisdóttur. Jafnframt hvetur blaðið verkafólk eindregið til að hafa samband við sölufólk og heimilisfang blaðsins ef það hefur frá einhverju að segja er varðar baráttuna. Það tengir verkafólk mikið betur saman að finna, að út um allt er fólk, sem stendur í sömu sporum og það sjálft. Saman munum við verkafólk svo slíta af okkur hlekkina fyrr en síðar.

Menntaskólinn á Akureyri:

Íþróttahúsi lokað af hreinlætisástæðum

Verkalýðsblaðið hefur hingað til ekki séð ástæðu til að fórna miklu af plássi sínu fyrir greinar um íslenska skóla. Það er þó ekki af því að það vanti efni til að skrifa um, því ekki er ástandið glæsilegt í skólakerfi því sem ríkisvald íslenska auðvaldsins starfrækir til að mennta vinnuafl sitt. Hér verður ástandið í menntaskólunum gert að umræðuefni.

Menntaskólarnir eru ætlaðir til að búa fólk undir háskólanám. Aðstaða fólks til að fara í þessa skóla er mjög mismunandi eftir því úr hvaða þjóðfélagsstétt það er. Það er dýrt að ganga í menntaskóla. Ríkið veitir nánasarlega námsstyrki, u.þ.b. 50.000-100.000 kr. í vetur (þeim sem búa utan sveitarfélags þess sem skólinn er í) og dugir það skammt til að borga fæði, húsnæði og annan skólakostnað. T.d. kostar fullt fæði í mötuneyti Menntaskólans á Akureyri 270.000 kr. og þar af fer nærri helmingur til að borga starfsfólki mötuneytisins laun. Er það sjálfsögð krafa að ríkið borgi þessi laun. Næst verða nemendur líklega að borga laun kennara!

Frh. á bls. 4

1262 seldu stórhöfðingjar á Íslandi sjálfræði landsins í hendur Hákoni gamla Noregskonungi.

- Danskt ríkisvald á Íslandi.

Í margar aldir höfðu Íslendingar yfir sér danskt yfirvald. Margt úr íslenskri menningu, svo sem tunga og siðir, var á undanhaldi fyrir danskri menningu. Skólakerfið á Íslandi var af dönskum toga o.s.frv. Um miðbik síðustu aldar hefst umfangsmikil barátta til endurreisnar hinni íslensku menningu og tungu. Sú barátta beindist gegn danska yfirvaldinu og þeim hluta Íslendinga sem hagsmuni hafði af dönskum yfirráðum á Íslandi. Þeir sem höfu baráttuna og stóðu í fremstu víglínu voru margir menntamenn sem fóru ytra til náms. T.d. voru skáldin sem stóðu að útgáfu FJÖLNIS dugandi í þessari baráttu. Þessir menn voru fáir í samanburði við þann fjölda íslenskra bænda og alþýðufólks, sem var þeim traustur bakhjarl. Andstæðingurinn var að afli til mikið ofurefli, en reyndist vera minni máttar þegar á málstaðnum var tekið. Réttlát barátta sigraði óréttlát undirokun og valdbeitingu.

Allan seinni hluta aldarinnar var um að ræða fjöldabaráttu. Langstærsti hluti íslensku þjóðarinnar tók meira eða minna þátt í sjálfstæðisbaráttunni. Fjölmennir þingvallafundir voru haldnir og mikil umræða var um sjálfstæðismálið meðal alþýðunnar.

Íslenska þjóðin var að vakna úr viðjum þess oks sem framleiðsluhættir lénsskipulagsins lagði á hana. Frjálsir menn voru að hefja baráttu fyrir frjálsu landi í þeim tilgangi að frelsa stétt sína, stétt hinnar vinnandi alþýðu.

Þjóðfélagið umbreytist.

Alla síðustu öld er íslenska þjóðfélagið í ham umbreytinga. Nýjar þjóðfélagsstéttir skapast í rás iðjuþróunar og nýrra hugmynda. Nýtt þjóðfélag er að fæðast.

1. desember

Verjum sjálfræði Íslands

Merki þetta verður selt á 1.des.-fundinum í Tjarnarbúð. Það fæst einnig að Óðinsgötu 30.



Frá stofnfundi 1.des.-nefndar í okt.sl.

Þetta þjóðfélag stóð því gamla feti framar og táknaði nýtt stig í baráttu alþýðunnar gegn drottnurum sínum. Þetta þjóðfélag er auðvaldsþjóðfélagið, en helsta einkenni framleiðsluhátta þess er hinn mikli aragrúi sem vinnur launavinnu og hinn fámenni hópur sem lifir af því að láta aðra vinna fyrir sig. Þessar stéttir eru öreigalýðurinn og burgeisastéttin.

Danasinnar og þjóðlegir borgarar.

Borgarastéttin skiptist í þá sem beinan hag höfðu af áframhaldandi yfirráðum Dana á Íslandi. Þessi hópur var einkum sá hlutinn sem tengdur var stjórnkerfinu og viðskiptum við Danmörku og önnur lönd í gegn um erlenda einokunarauðhringa sem sett höfðu fjármagn í fyrirtæki og banka hérlendis. Annar hópur borgara var sá, sem vildi að Ísland yrði fullvalda ríki. Með því fengju þeir yfirráðin í landinu, þar sem vald þeirra byggðist á eign og ráðstöfun á innlendu peningamagni og framleiðslutækjum. Þessir þjóðlegu borgarar höfðu augljósastan hag af beitingu sjálfsákvörðunarréttar íslensku þjóðarinnar.

Bandalag stétta.

Í baráttunni fyrir þjóðlegu sjálfstæði og sjálfræði var nauðsynlegt fyrir íslensku verkalýðsstéttina að mynda bandalag við þjóðlegu borgarastéttina. Það var nauðsynlegt vegna þess að í upphafi aldarinnar var verkalýðsstéttin að stíga sín fyrstu spor, hún átti ekki í fórum sínum þá reynslu af baráttu sem nauðsynleg er til þess að geta leitt byltíska baráttu sem þjóðfrelsisbaráttu er. Þess vegna var þjóðfrelsisbaráttu íslensku þjóðarinnar leidd af þjóðlegum borgurum og ekki verkalýðsstéttinni. Engu að síður studdi verkalýðsstéttin dyggilega þessa baráttu og myndaði meginþunga þess afls sem dugði til sigurs. Öðruvísi var þjóðfrelsi ekki mögulegt.

Ólíkir hagsmunir.

Þrátt fyrir að verkalýðsstéttin og þjóðlega borgarastéttin hafi haft hagsmuni af fengnu sjálfræði þjóðarinnar þá voru þessir hagsmunir afar ólíkir. Þjóðlega auðstéttin skapaði sér eigið athafnarými, án þess að eiga í stríði við erlent auðmagn sem auðveldlega gat sett henni stólinn fyrir dyrnar, ef það hefði fengið að athafna sig frjálst. Þjóðlega borgarastéttin skapaði sér einkarétt á að arðræna íslenskan verkalýð.

Fyrir verkalýðsstéttinni táknar þjóðlegt sjálfstæði forsendurnar fyrir því að verkalýðsstéttin frelsi sjálfa sig og samfélagið allt úr greipum arðránskerfis auðvaldssamfélagsins. Auk þess er sá sjálfsagði réttur sem sjálfsákvörðunarrétturinn veitir - sjálfræðið - mikill þyrnir í augum allra heimsvaldasinna og gerir þeim erfiðara fyrir, hvað varðar íhlutun hjá öðrum þjóðum. M.a. þess vegna ver verkalýðsstéttin og vinnandi alþýða sjálfræði sitt.

Borgarastéttin selur landið.

Að fengnu sjálfræði fer þjóðlega borgarastéttin að ráðskast með það. Þjóðfélagið þróast á hæsta þrónarstig auðvaldssamfélags - stig einokunarauðvalds, þar sem aðeins fáir stórir auðhringir og ríkisvald eru allsráðandi. Einokunarauðvaldið er þá ætíð reiðubúið að selja landið og auðæfi þess. Á þessu stigi er verkalýðsstéttin eina stéttin sem berst fyrir vörnum sjálfræðis Íslands. Það er sú barátta sem kallar nú. EIK (m-l) stendur í fararbroddi í þessari baráttu og leiðir hana pólitískt. Stefna EIK (m-l) er að virkja verkalýðs- og alþýðufjölda til virkrar baráttu gegn landssölustefnu íslenska einokunarauðvaldsins og til baráttu gegn stríðsundirbúningi hættulegustu óvina alþýðunnar um allan heim - gegn risaveldunum Sovétríkjunum og Bandaríkjunum.

Falskar...

Frh.af forsíðu

mannanna í ASÍ og "Vinnuveitendasambandinu" eru blekking og til þess eins að tryggja auðstéttinni auðveldari leik við að láta vinnandi fólk bera kreppubyrðarnar.

Það er lágmarkskrafa að vísitölubætur verði greiddar að fullu og öllu, en ekki ákveðin smáupphæð fyrir hvert stig.

Verkalýðsfréttaritari.

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Sómalia:
Sovésku heimsvaldaoki hnekkt í Afríku

Þann 13. nóv. sagði Sómalía upp "vináttu- og samvinnusáttmála" sínum við Sovétríkin. Jafnframt var Sovéskum herstöðvum í landinu lokað, u.þ.b. 6000 sérfræðingum og hernaðarráðgjöfum vísað úr landi og stjórnmálasambandi við Kúbu slitið. Ákvörðunin um brottvísun Sovétríkjanna var tekin á fundi í miðstjórn hins Byltingarsinnaða sósíalístaflokks Sómalíu.



Sómalía liggur í austur-Afríku, eða á hinu svo kallaða Afríska horni, rétt fyrir utan mynni Rauða hafsins. Sómalía varð sjálfstætt ríki þann 26. júní 1960, en var áður skipt á milli Bretlands og Ítalíu.

Meirihluti íbúa landsins stundar landbúnað og matvörur voru árið 1974 90% útflutnings landsins. Sómalía hefur verið meðlimur Arababandalagsins síðan árið 1974. Hluti landsins er enn innan Eþíópíu og hefur geysað þar þjóðfrelsisstríð vestur-Sómala gegn hinni fasísku herforningjastjórn, sem situr við völd í Eþíópíu og er dyggilega studd af Sovétríkjunum.

Ríkisstjórn Sómalíu undirritaði svokallaðan "vináttu- og samvinnusáttmála" við Sovétríkin í júlí 1974. Þetta er bragð sem Sovétríkin beita gjarnan 3ja heims ríki, til þess að ná ítökum í viðkomandi löndum. Á þennan hátt geta þau hafið afskipti af innanríkismálum landanna undir yfirskini "þróunarhjálpar" og komið upp sovéskum herstöðvum á mikilvægum stöðum. Þessi varð einmitt reyndin í Sómalíu, því landið er hernaðarlega mjög mikilvægt. Sovétríkin hafa byggt upp tvær stórar herstöðvar fyrir stríðsvélar sínar: herskipahöfnina Berbera nálægt mynni Rauða hafsins og flugstöðina Kismayu fyrir sunnan höfuðborgina, Mogadishu. Rússarnir reka jafnframt fjölda annarra flugvalla víða um Sómalíu. Þetta gerði landið að mikilvægustu bækistöð Sovéska hersins við Indlandshaf. Á stríðstímum gætu Sovésk herlið frá herstöðvum í Sómalíu lokað fyrir umferð um Rauða hafið, og þar með lamað olíuflutninga þar um. Brottvísun Sovétríkjanna frá Sómalíu er mjög mikilvæg, þar sem hún veldur sósíalheimsvaldastefnunni miklum erfiðleikum, bæði vegna hernaðarlegs mikilvægis landsins og að Sómalía er 3ja landið sem á stuttum tíma segir upp "vináttu- og samvinnusáttmála" sínum við Sovétríkin. Egyptaland sagði sínum samningi upp 1976 og Súdan fyrr á þessu ári. Aðeins 2 lönd hafa nú slíkan samning við Sovétríkin, þ.e. Mosambique og MPLA stjórnin í Angóla.

Alþýðan fagnar í Sómalíu.

Ákvörðuninni um brottvísun Sovétríkjanna var ákaft fagnað um alla Sómalíu. Fólk fór þúsundum saman í stuðningsaðgerðir um allt land; í höfuðborginni Mogadishu einni tóku yfir 100 þús. manns þátt í aðgerðunum þann 14. nóv. Aðalræðu fundarins flutti forseti Sómalíu Mohammed Siad Barre, sem jafnframt er aðalritari hins byltingarsinnaða sósíalista-flokks Sómalíu. Hann sagði m.a.: "Sovétríkin hafa tekið afstöðu og staðið að baki aðgerðum sem ógna hagsmunum og öryggi Sómalíu"..." Íhlutun sovétmanna og kúbana er bein ógnun, ekki bara sjálfstæðum ríkjum í Afríku og Einingarsamtökum afrískurríkja (OAS), heldur er hún einnig árás á alla unnendur frelsis og friðar í heiminum."

Fyrstu viðbrögð Sovétríkjanna hafa verið þau að lýsa yfir að "þjóðrembings- og útþenslustefna hafa náð yfirhöndinni yfir heilbrigðum öflum í ríkisstjórn Sómalíu." Hin einarða afstaða sem Sómalía hefur nú tekið gegn sósíalheimsvaldastefnunni er enn ein staðfesting á því að lönd vilja sjálfstæði, þjóðir vilja frelsi og alþýðan vill byltingu.

David Sibenco, fulltrúi PAC:
Við undirbúum vopnaða frelsisbaráttu í Azaníu

David Sibeko, yfirmaður utanríkistengsla Pan African Congress (PAC) í Azaníu, var nýlega á ferð í Noregi, þar sem hann átti viðtöl við opinbera aðila og hélt blaðamannafundi. Aðspurður um ástandið í Azaníu sagði hann m.a: "Morðið á Steve Biko var þungt áfall fyrir okkur. Hann var góður byltingarmaður. Ríkisstjórnin myrti hann í hefndarskyni, en með því hefur hún bara stytt sitt eigið lífshlaup. Það hafa verið haldnar miklar mótmælaaðgerðir eftir dauða Bikos..."
..."Nú undirbýr Vorster svokallaðar kosningar. Með því hyggst hann styrkja fasistastjórnina. Með lygafréttum reynir hann að draga athyglina frá þeirri innri kreppu sem landið er í. M.a. býr hann sér til óvini utanlands með því að ásaka Botswana um að þjálfa skæruliða fyrir frelsishreyfinguna..."

Um aðskilnaðarstefnuna sagði Sibenko m.a: "Alþýðan leggst mjög hart gegn henni. Aðeins örfáir föðurlandssvikarar meðal blökkumanna samþykkja aðskilnaðarstefnuna, sem er ekkert annað en beint framhald á stefnu nýlenduherranna."

Sibenko undirstrikaði þýðingu vopnaðrar baráttu. "Hún er þungamiðja í frelsisbaráttunni", sagði hann. "Pólitísk uppfræðsla undirbýr vopnaða baráttu". Hann sagði að alþýða Azaníu væri reiðubúin til að fara sömu leið og víetnömsk alþýða og heyja alþýðustríð til frelsunar landi sínu. Um lokamarkmið baráttunnar sagði hann: "Þeir sem viðhalda nýlendustefnunni og taka þátt í hryðjuverkum og morðum á alþýðunni munu fá sína refsingu. Við höfum fyrir löngu lýst yfir að við viljum byggja upp lýðræðislegt samfélag er standi gegn allri kynþáttastefnu, samfélag er byggi á afrískum menningarhefðum".

Klassekampen, 7.okt.

David Cibenko fulltrúi PAC á blaðamannafundi.
(Mynd:Klassekampen)

Íþróttahúsið...

Frh. af bls. 3

Af þessum slæmu kjörum frá hendi ríkisins leiðir að flestir nemendur úr alþýðustétt verða að vinna fulla vinnu og meira en það allt sumarið, ef þeir þá fá vinnu. Að öðrum kosti verða foreldrarnir að kosta börn sín, en ekki er alltaf bolmagn til þess. Flestir nemendur eiga því lítið "sumarfrí" og kemur þetta oft niður á námsárangri. Auðvitað er það heilsusamlegt að vinna hæfilega mikið á sumrin, en að þurfa að treysta á sumarvinnu til að eiga möguleika á að komast í gegn um menntaskóla er óhæfa.

Námsaðstaða er mjög misjöfn. Af 10 skólum á menntaskólastigi á landinu eru aðeins 2 fyrir allt Vestur-, Norður- og Austurland. Ekki hjálpar námsaðstoð ríkisins mikið til á þessu sviði eins og áður var greint. Húsnæðismál eru í ólestri, heimavistir ófullnægjandi og lélegar og víða vantar íþróttaaðstöðu. Nýlega var "íþróttahúsi" MA lokað vegna hreinlætisástæðna. Hættulega mikið hafði fundist af saurgerlum á gólfi hússins.

Ekki hefur að undanförnu farið mikið fyrir baráttu menntskælinga gegn óréttlætinu. Ríkisvaldið fær að mestu að fara sínu fram án afskipta nemenda. Er það m.a. vegna slæmrar forystu, sem hefur leitt til doða og áhugaleysis hjá hinum almenna nemenda. Fjöldavirknin er sem sagt engin og ef ástandið á að batna verður fjöldinn að vakna. Eina meðalið sem dugir til úrbóta í hagsmunamálum menntskælinga er að þeir rísi sameinaðir upp til baráttu.

Fréttaritari í MA.

Réttinda...

Frh. af forsíðu

"stuðning" hjá formanni Einingar, en það er eðlilegt og í raun ekki undrunarefni þar sem Jón Helgason situr í stjórn útgerðarfélagsins.
— Reynduð þið að fá stuðning löndunarverkamanna?
-- Já, en samstaða tókst því miður ekki. Það auk hótana um uppsagnir gerði stöðu okkar erfiða. Alger samstaða okkar innbyrðis og við löndunarliðið hefði hins vegar fært okkur fullan sigur.

Síðustu fréttir sem Vbl. hefur frá Akureyri eru þær, að verkamennirnir hefi gefið upp baráttuna að sinni, þar sem samstaðan brást. EIK(m-l) á Akureyri og Verkalýðsblaðið styðja kröfur þeirra og hvetja þá til að halda áfram að ræða mál sín, kynna þau út á við og efla traustu samstöðu. Jafnframt er skorað á verkafólk innan Einingar, að efla baráttuna gegn svikaforystu félagsins undir stjórn Jóns Helgasonar, atvinnurekanda hjá ÚA.

Verkalýðsfréttari á Akureyri.

Sameinuðu þjóðirnar fordæma Sionismann

Þann 28. október samþykkti allsherjarþing SÞ með 131 atkvæði gegn einu að fordæma stefnu Ísrael gagnvart herteknu svæðunum frá því 1967. Stefna Ísraels hefur verið sú að sölsa undir sig arabísk landsvæði með því að hrekja Palestínuaraba og aðra arabíska íbúa herteknu svæðanna í burtu með ýmsum ráðum, og síðan "fylla upp í" með sionískum innflytjendum. Ísrael var eina landið sem greiddi atkvæði gegn tillögunni, en Bandaríkin og 6 önnur lönd sátu hjá. Tillagan var borin upp af Egyptum, og hafði fjöldi fulltrúa annarra landa lýst yfir stuðningi sínum við hana. Í tillögunni segir m.a. að stefna Ísraels gagnvart herteknu svæðunum sé ólögleg og skapi alvarlega hindrun í friðarumleitunum fyrir botni Miðjarðarhafs. Í tillögunni er farið fram á við Kurt Waldheim framkvæmdarstjóra SÞ að hann sjái um að samþykktin verði framkvæmd sem fyrst og að Ísraelsmenn gefi skýrslu um það eigi síðar en 31.desember.

Þessi samþykkt SÞ sýnir að yfirgnæfandi meirihluti aðildarlandanna hafa séð í gegnum útþenslustefnu sionistanna.

USA: 1800 milljónir dollara til Síonista.

Á fundi, sem Cyrus Vance utanríkisráðherra USA hélt nýlega með áhrifamiklum hópum gyðinga í Bandaríkjunum, staðfesti Vance að utanríkisráðuneytið muni greiða Ísrael 1800 milljónir dollara á næsta ári í hernaðar- og efnahagsaðstoð. Það er því ljóst að enn verður Ísrael það land sem fær mestu aðstoðina frá Bandaríkjunum.

Krataræða...

er sósíalismi lýðræðis og valddreifingar". Ragnar skipar sér sess meðal frumkvöðla marxismans og býr til nýjan sósíalisma, sem hann segir vera allsendis frábrugðinn öllum öðrum sósíalisma. Auk þess tilfærir Ragnar hinum "sósíalíska" flokki ný eðliseinkenni, sem flokkurinn á að hafa umfram það að vera sósíalískur.

"Sósíalísk" nýsköpun Ragnars er óðýr fölsun á því sem frumkvöðlar sósíalismans og kommúnistar um allan heim hafa barist fyrir og skapað. Mao Tsetung mesti marxisti okkar daga segir þetta um hvað sósíalismi og kommúnismi er:

"Kommúnisminn er hvort tveggja í senn: Fullkomið hugmyndakerfi verkalýðsins og nýtt þjóðskipulag. Þetta hugmyndakerfi og þjóðskipulag er ólíkt öllum öðrum og hið fullkomnasta, framsæknasta, byltingarsinnaðasta og skynsamlegasta sem upp hefur komið síðan sögur hófust."

AB ÆTLAR Í STJÓRN GEGN AUÐVALDINU!?

AB forystan vílar ekki fyrir sér að setjast í stjórn með hvaða flokk sem er. Ragnar kallar slíkt "raunsæi". Til viðbótar taka þessir "alþýðuforingjar" fullan þátt í öllum rekstri og stjórnun arðránskerfisins, með setu sinni í bankaráðum, fyrirtækja- og sjóðstjórnum og síðast en ekki síst með hinni frægu "íslensku atvinnustefnu". Í tíð "vinstri" stjórnar gat AB gefið innanfúnu auðkerfinu vítamínsprautu. Til slíks þurfti miklar fjárfestingar og "hæfilegar" launalækkanir. Hjólin fóru að snúast, fólkið fékk vinnu, þar sem atvinnuleysi var og auðherrar fengu gróða sinn á ný, aðeins ríflegri í þetta sinn. En kreppubjargirnar dugðu skammt vegna óleysanlegra mótsagna auðkerfisins og þeirrar staðreyndar að engin ríkisstjórn getur gengið gegn ríkjandi stétt að neinu marki. Þessum sannindum marxismans kollvarpar AB-forystan og Ragnar talar um "ríkisvald sem stundum er félagssinnað".

Í lok ræðu sinnar kvað Ragnar samstarf við Sjálfstæðisflokkinn ekki útilokað. Hann fullvissaði menn um að það táknaði ekki "hægri" þróun AB. Stefnuræðan sýndi hið gagnstæða: Flokkarnir tveir eru greinar á sama meiði.

OKTÓBER forlagið er styrk stoð byltingarhreyfingarinnar

Vikuna 5.-lo. desember hefur OKTÓBER-FORLAGIÐ skipulagt kynningar- og söluviku. Forlagið mun þá hafa sölubúð sína að Óðinsgötu 30 opna alla daga frá kl.17.00 til kl.19.00. Auk þess munu kommúnistar og velunnarar forlagsins leggja áherslu á að selja útgáfuefni forlagsins sem víðast, svo sem á götum úti og í íbúðahverfum.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ átti samtal við fulltrúa OKTÓBER-forlagsins um uppbyggingu forlagsins og kynningarvikuna.

— Er OKTÓBER-forlagið nauðsynlegt? Er ekki hægt að fá bækur og tímarit gefið út hjá stóru bókaútgefendunum?

— Hlutverk OKTÓBER-forlagsins er fyrst og fremst að gefa út bækur og annað lesefni sem koma verkalýðsstéttinni og vinnandi alþýðu á Íslandi að gagni í baráttunni. Slík útgáfa getur verið hvort sem er lítil hefti eða heil bókmenntaverk. Á þessu sést hver tilgangur forlagsins er, - að gefa út verkalýðssinnuð verk. Þennan tilgang hefur OKTÓBER-forlagið eitt íslenskra bókaútgefenda.

— Af hverju er ekki hægt að notast við Mál og Menningu, sem kallar sig róttækt fyrirtæki?

— Ef við lítum yfir sögu þess félags, þá er því ekki að neita að upphafið var rautt. Mál og Menning var mikill þyrnir í augum borgarastéttarinnar. Þetta sást t.d. best á því að hún setti Almenna bókafélagið á laggirnar beinlínis til höfuðs Mál og Menningu. En Mál og Menning hefur farið sama veg og sú hreyfing sem að henni stóð - Sósíalistaflokkurinn og Alþýðubandalagið - Þetta er nú orðið hreint auðvaldsfyrirtæki og er t.d. bókabúð þeirra með þeim alverstu sem til eru í Reykjavík. Þar er hið mesta úrval allskyns klámrita og sorpbókmennta. Í löngum röðum blasa við manni erlend blöð sem seljast vegna klámfrásagna og mynda þar sem líkami kvenna er vanvirtur og gerður að hreinni söluvöru.

Leiti maður róttækra eða framsækinna ritverka þá er þær helst að finna í innsta skoti verslunarinnar.

Til að halda andlitinu og glepja alþýðufólk til stuðnings við Mál og Menningu hefur bókaútgáfan gefið út hroðvirknislega þýdd verk frumkvöðla marxismans, en mörg verka Mao Tsetung og Úrvalsrit Marx og Engels eru oftlega ranglega þýdd og nær ónothæf. Þó svo að Mál og Menning hafi á síðari árum gefið út ágætis ritverk svo sem æfissögu Tryggva Emilssonar og nokkur verka V.I. Lenins í ágætri þýðingu, þá eru þetta orðnar undantekningar og breyta engu um hitt, að Mál og Menning er orðið borgaralegt fyrirtæki við hliðina á öðrum borgaralegum bókaforlögum.

— OKTÓBER-forlagið er þá að hefja gönguna á ný. Hvernig hefur forlaginu tekist hingað til?

— Á þriggja ára ferli sínum hefur forlagið þegar sannað gildi sitt. Fysta útgáfuverk forlagsins var Baráttuleið Alþýðunnar - Stefnuskrá EIK (m-l), sem út kom um áramót 1974-75. Fyrsta upplag Baráttuleiðarinnar seldist upp og réðst forlagið því í endurútgáfu bókarinnar haustið 1976, en þá var bókin aukin og endurbætt.

OKTÓBER-forlagið gaf út ljóðabókina FANGELSISLJÓÐ HÓ CHÍ MINH í tilefni þeirra stórkostlegu sigra sem víetnamska þjóðin vann á bandarísku heimsvaldastefnunni vorið 1975. Á þennan hátt vildi forlagið heiðra þennan sigur, sem er einn sá mesti sem við þekkjum úr sögunni.

OKTÓBER-forlagið hefur auk þessara bóka gefið út fjöldann allan af heftum og bæklingum, sem ýmist hafa verið offsetprentaðir eða fjölritaðir í tækjum forlagsins. (listi yfir þessar bækur ásamt ýmsum erlendum bókum, sem fást í bókabúð forlagsins er að finna annarstaðar á þessarri blaðsíðu).

— OKTÓBER-forlagið hefur haft veg og vanda að útgáfu fræðilegs og menningarlegs tímarits EIK(m-l) - RAUÐLIÐANS?

— Já. Útgáfan á Rauðliðanum er nokkuð stór þáttur í starfi forlagsins. Í Rauðliðanum birtast margar fræðilegar greinar og greinar þar sem stéttabaráttunni er gerð skil, miklu ýtarlegri skil en mögulegt er t.d. í Verkalýðsblaðinu.

— Hvað kemur Rauðliðinn oft út?

— Á þessu ári koma út þrjú tölublöð. Við ráðgerum að gefa út fjögur tölublöð á næsta ári. Fyrsta tölublað Rauðliðans kom út um vorið 1975, og hafa síðan komið út tvö tölublöð á ári, þar til nú.

— Hvað hefur Rauðliðinn einkum fjallað um?

— Það sem mest hefur verið fjallað um er ástandið í svokallaðri vinstri hreyfingu á Íslandi. Við höfum gefið baráttunni milli andstæðra stefna í þessari "hreyfingu" mikið pláss og það ekki að nauðsynjalausu. Í greinum þessum er röng stefna þeirra samtaka og flokka sem kalla sig verkalýðssinnaða, sósíalíska eða kommúníska dregin fram í dagsljósið og falsmarxistum stillt upp við vegg. Má t.d. nefna greinar þar sem starf og stefna Alþýðubandalagsins er kyrfilega sundurgreind og stefnuskrá "KFÍ/ML" er vandlega sprett í sundur svo að sést í fúna sauma. Þá hafa margar greinar í Rauðliðanum fjallað um ástandið á alþjóðavettvangi og baráttuna gegna heimsvaldastefnunni. Auk þess hafa birst í Rauðliðanum mörg ljóð, smásögur og ritdómar.

Í desember kemur út þriðja tölublað 1977. Í því hefti verða m.a. greinar um "fjórmenningaklíkuna" í Kína og gagnbyltingarpólitík þeirra, grein um baráttuna í Afríku, en grein þessi var flutt sem ræða á fræðslufundi EIK(m-l) í október s.l., grein um ástandið og baráttuna í Chile, en í þeirri grein er gagnrýnt hefti það sem "Baráttuhreyfing gegn heimsvaldastefnu" gaf út í haust og fjallaði um Chile. Auk þess er í heftinu annar hluti greinaflokks um þróun Sovétríkjanna. Fyrsti hluti birtist í 2.tbl. 1977.

— Hvernig er hægt að kaupa Rauðliðann?

— Öruggasta leiðin til að tryggja sér Rauðliðann er að gerast áskrifandi. Rauðliðinn fæst annars í bóksölum OKTÓBER-forlagsins í Reykjavík og á Akureyri. Auk þess er oft hægt að kaupa Rauðliðann hjá sölumönnum Verkalýðsblaðsins.

— Þú hefur minnst á að OKTÓBER-forlagið reki bókaverslun í Reykjavík og á Akureyri. Verður rekstur bókaverslana stór þáttur í starfi forlagsins?

— Forlagið hefur nú þegar tvær verslanir og við stefnum að því að þær verði miklu fleiri. Við höfum starfað eftir þeirri meginreglu að treysta aldrei á að verslanir kaupmanna vilji alltaf selja bækur okkar. Við þekkjum ótal dæmi þess að kommúnistar og framsækið fólk sé hindrað í að gefa út verk sín og að verk þeirra séu ekki tekin til sölu í bókaverslunum auðvaldsins. Þess vegna verðum við nú þegar að miða allt okkar starf við að standa á eigin fótum og treysta á eigið afl. Þetta gerum við með því að hefja uppbyggingu á OKTÓBER bókabúðum. Kynningarvika OKTÓBER-forlagsins núna er einmitt einn liður í þessari uppbyggingu.

— Er OKTÓBER-forlagið með áætlanir um útgáfu á næstunni?

— Já, við erum að undirbúa útgáfu á hefti sem mun innihalda stefnu EIK(m-l) í verkalýðsmálum. Að öðru leyti er ekkert ákveðið, enda mikið átak í að koma verslunum forlagsins í gang. Ég vil leggja áherslu á að OKTÓBER-forlagið og bókabúðirnar munu verða sterkur þáttur í baráttunni þegar þessu fyrsta átaki, sem nú stendur yfir, er lokið.

— OKTÓBER selur talsvert af erlendu lestrarefni og hljómplötum í verslunum sínum. Er svona mikill áhugi að fólk kaupir sér pólitískt lestrarefni á erlendum tungumálum?

— Enn sem komið er eru búðirnar ekki mikið sóttar, en samt sést greinilega aukning, bæði í sölu og í að fleiri koma til að skoða. Erlendu bækurnar seljast nokkuð, enda er bókabúð okkar sú eina sem hefur þessar bækur á boðstólum. Þetta eru einkum bækur sem gefnar eru út af OKTÓBER-forlögunum á Norðurlöndunum, en marx-leníníska flokkarnir og samtökin á öllum Norðurlöndunum eiga sín OKTÓBER-forlög. Samskipti þessara forlaga eru nokkur og er það okkur mikill pólitískur styrkur að geta boðið upp á bækur félaga okkar, þó svo að ekki geti allir hérlendis lesið dönsku, sænsku eða norsku. Við höfum einnig haft til sölu hljómplötur frá róttækum hljómplötuútgefendum erlendis. Þá er hægt að fá hjá okkur blöð og tímarit bræðraflokka og samtaka EIK(m-l). Október bókabúðin selur einnig rit kínverskra og albanskra kommúnista.

— Verkalýðsblaðið hefur oftlega rekið sig á að erfitt er að ná í margar bækur og hefti verkalýðsstéttarinnar hér áður fyrr. Við sáum okkur til mikillar gleði að OKTÓBER-búðin hafði á boðstólum rit sem ekki eru lengur seld í venjulegum bókaverslunum.

— Jú, þetta er rétt og það er sjálfsagt vegna svipaðrar reynslu og ykkar að OKTÓBER-forlagið hefur ákveðið að taka í sölu gamlar róttækar bækur og hefti. Við metum það þannig að þetta þjóni baráttu verkalýðs og vinnandi alþýðu og þá erum við til reiðu. Við erum að vinna að því að í bókabúðunum verði sérstakur staður fyrir gamlar bækur, sem okkur berast og við náum í. Þeir sem vilja losa sig við gamlar róttækar bækur og hefti ættu að hafa samband við OKTÓBER-forlagið áður en þeir fara annað.

— Verkalýðsblaðið tekur undir þetta. Við hvetjum einnig lesendur til að líta við í OKTÓBER-bókirnar á Óðinsgötu 30, Reykjavík og Hafnarstræti 79, Akureyri og kaupa útgáfuefni forlagsins. Verkalýðsblaðið beinir líka eindregnum tilmælum til allra velunnara sinna að taka þátt í kynningarviku forlagsins, láta boð berast um OKTÓBER-búðirnar og selja efni forlagsins.



Af fjöldamörgum bókum og bæklingum sem OKTÓBER hefur á boðstólum má nefna:

- Verk frumkvöðlanna á íslensku og erlendum málum
- Baráttuleið alþýðunnar.
- Ljóð Hó Chí Minh.
- Den store polemikken (um baráttu kommúnistaflokks Kína við endurskoðunarstefnu Sovétríkjanna).
- Filip Kota: To linjer i verdens fagbevegelse.
- Úrvalsrit Envers Hoxha.
- Mörg erlend skáldverk.
- Afstaðan til STALÍNS.
- Gegn trotskisma og vinstri róttækni.
- Innlend og erlend tímarit.
- Jan Myrdal: Kina efter Mao Tsetung.
- Enver Hoxha: Albanias kommunistar i kamp mot Krustsjovrevisjonismen.
- Plötur með norskri og sænskri tónlist.

Lítið inn og kynnið ykkur efnið.

Október

Í tilefni kynningarviku OKTÓBER-forlagsins 5.-10.desember verður bókabúð forlagsins að Óðinsgötu 30 opin alla virka daga kl.17 til kl.19 - laugardag kl.13 til 15. Komið og lítið á úrvalið af íslenskum og erlendum bókum um stéttabaráttu, þjóðfrelsisbaráttu auk skáldsagna og ljóðabóka. Við erum einnig með margar nýjar hljómplötur frá Sviþjóð og Noregi.



Ljóð Maós á íslensku

Fyrir skömmu kom út þýðingar á ljóðum Maó Tsetungs, eins frumkvöðla marx-leníníusmans, og nokkurra annarra kínverskra skálda.

Ljóðaþýðingarnar annaðist Guðmundur Sæmundsson. Bókin er feykilega vel unnin, og sérkennilega myndskreytt, og eru myndirnar flestar eftir kínverska alþýðulistamenn. Þá er í bókinni ítarlegur eftirmáli þýðanda um þróun stéttabaráttunnar í Kína og um ljóð Maó Tsetungs. Hvort tveggja er ritað af þekkingu á efninu og með virðingu við kínverska þjóð og stuðning við byltinguna að leiðarljósi.

Ljóð Maós formanns eru í senn baráttuljóð, náttúrulýsingar og lýsing á lífi og störfum alþýðu í Kína. Guðmundur Sæmundsson hefur unnið þarft verk. Hér verður ekki unnt að meta gæði þýðinganna.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetur lesendur til að kaupa bókina og nýta hana. Verð er 2500 kr. Hún fæst m.a. í Október-búðinni að Óðinsgötu 30.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 2000
1/2 árs áskrift: kr. 1000
Til útlanda: kr. 3500
Stuðningsáskrift: kr. 4000
ÓÐINSGÖTU 30
Pósthólf 5186, Reykjavík
SÍMI: 29212

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12 200 - 9

Landsbókasafnið
v/Hverfisgötu
101 REYKJAVÍK

"Ég reyni í leikritinu að tefla saman pólitíkinni og einkalífinu...Ég reyni að sýna fram á hvernig þetta tvennt helst í hendur, - að einkalífið sé líka pólitík...Í leikritinu kemur upp ný staða, að Þórður, þessi fórnfúsi sósíalisti og baráttumaður fyrir bræðralagi manna og jafnrétti, er á sínum heimavelli í andstöðu við sína eigin hugmyndafræði. Hinu skulum við ekki gleyma að Þórður er kommi af gamla skólanum. Hann er stalínisti, og það gerir honum ókleyft að skilja stöðu sína eins og hún raunverulega er." (Vésteinn Lúðvíksson, í viðtali við Vísi um leikrit sitt "Stalín er ekki hér")

Borgarastéttin og fjandmenn sósíalismans hvar sem þá er að finna þekkja sannarlega sinn vitjunartíma. Þegar trotskiistinn og stjórnleysinginn Vésteinn Lúðvíksson skrifar leikverk, sem hefur að innihaldi árásir á sósíalismann og einn frumkvöðul marx-leníninismans, Jósef Stalín, auk þess sem íslenskt alþýðufólk og kommúnistar eru gerð að einfeldingum og kjánum, þá er rokið upp til handa og fóta:

Leikrit Vésteins Lúðvíkssonar:
Fjandsamlegt sósíalisma og verkafólki

"Stalín er ekki hér"

verkið sviðsett í Þjóðleikhúsinu með tilheyrandi frafári og auglýsingastarfsemi, blöðin birta viðtöl við höfundinn um verkið og hugarheim hans svo skiptir mörgum blaðsíðum og sama dag og frumsýningin er, gefur bókaforlag eitt leikritið út í bókarformi. Morgunblaðið fékk æðiskast í einn dag í haust, þegar heyrðist um að hugmyndir væru uppi um að taka leikritið til kennslu í bókmenntum í framhaldsskólum og hefur sjálfsagt haldið að verkið hefði að geyma lúmskan áróður fyrir sósíalisma. En nú hefur Matthías Jóhannessen lesið og fundið út að hann hafi "óvænt" eignast nothæfan bandamann í baráttu afturhaldsins gegn sósíalismanum og nú bregður svo við að verkið er dásamað af öllum og er kappsamlega lesið í mörgum framhaldsskólum án þess að fjölmiðlar gangi af göflunum yfir "pólitískri lykt" af því!

Fréttaritari Verkalýðsblaðsins lagði á sig að sitja undir flutningi verksins í Þjóðleikhúsinu á dögunum og getur fullyrt að af því er "pólitísk lykt". En þetta er ekki framsækið verk og skrifað í anda baráttu verkalýðs fyrir bættum kjörum og nýrri þjóðfélagsskipan, heldur róttafturhaldssamt og fjandsamlegt verkalýð og sósíalisma. Ekki nóg með að Vésteinn ræpi í gegnum persónur sínar lygaþvæluna gömlu um "ógnir leníninista og stalínista" og Sovétríki sósíalismans, heldur ber hann á borð fyrir áhorfendur mynd af ísl. "sósíalista-heimili", þar sem verkamaður og ákveðinn og einlægur stuðningsmaður sósíalismans í Sovétríkjunum á tímum Leníns og Stalíns er látinn undiroka konu sína og börn, sem nokkurs konar einræðisherra á heimilinu. Þetta á að "sanna" skepnuskap kommúnista eða "stalínista" eins og höfundur kýs að kalla kommúnista. Framkoma verkamannsins á heimilinu á einnig að undirstrika einræðisherraímynd Stalíns, sem borgarastéttin og endurskoðunarsinnar reyna ætíð að halda við.

Þessi afurð Vésteins Lúðvíkssonar kemur fram nú á tímum vaxandi stéttabaráttu og hraðvaxandi eflingu marx-leníníska hreyfingarinnar á Íslandi. Vésteinn og fleiri moðhausar eiga eftir að vinna mörg fleiri verk í þessum anda síðar meir, en vaxandi hreyfing kommúnista mun örugglega leggja nokkurn kraft í að afhjúpa alþýðufjandsamlegt eðli þessara "menningarverka".

Úr mikilvægri ritgerð eftir Maó Tsetung:
STALÍN VAR MIKILL MARXISTI - EN GERÐI VISSULEGA MISTÖK

Marx-leníníistar á Íslandi starfa á grundvelli hugmyndafræði sem er samþjöppuð heild algildra sanninda marx-leníninismans, kenninga Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Mao Tsetungs og reynslu byltingarhreyfinga víðs vegar um heim, heimfærð upp á íslenskar aðstæður. Borgarastéttin og endurskoðunarsinnar hata sósíalismann og frumkvöðla hans eins og pestina og reyna með öllum ráðum að sverta þá. Stalín verður einna oftast fyrir aðkasti, m.a. vegna mistaka sem gerð voru í Sovétríkjunum þegar hann var leiðtogi þar. Við gerum engar tilraunir til þess að fela þau mistök sem gerð eru og hafa verið gerð, en opinberum þau og lærum af þeim. Þetta á einnig við um tímabil það í sögu Sovétríkjanna sem Stalín leiddi. Eftir ársarræðu Krústjoffs á Stalín 1956 (á 20. flokksþinginu) fengu fjandmenn sósíalismans þokkalegan byr, en raunverulegum kommúnistum varð ekki haggað, heldur drógu þeir lærdóma af þróun Sovétríkjanna og "afhjúpunum" Krúsa. Hér birtum við stuttan útdrátt úr ritgerðinni "Um meginafstæðurnar tíu" eftir Mao Tsetung, sem hann skrifaði í apríl 1956. Þar er að finna eftirfarandi umsögn um Jósef Stalín:

"Þeir sem eitt sinn hófu Stalín til skýjanna í Sovétríkjunum hafa nú allt í einu sett hann í hreinsunareld. Sumt fólk hér í Kína fylgir þessu fordæmi. Það er ólíkt Miðstjórnarinnar að mistök Stalíns jafngildi 30 af hundraði af heildinni og að þrekvirki hans jafngildi 70 af hundraði, og að Stalín skuli eftir sem áður metinn sem mikill marxisti. Við rituðum "Um sögulega lærdóma af alræði öreiganna" á grundvelli þessa mats. Þetta mat, mistök 30 af hundraði og þrekvirki 70 af hundraði, er mjög nálægt lagi. Stalín gerði nokkur mistök varðandi Kína. Rekja má rætur "vinstri" ævintýrastefnu, sem Wang Ming var fulltrúi fyrir á tímaskeiði Annars byltingarsinnaða þjóðarstríðsins, og hægri hentistefnu hans fyrstu daga Varnarstríðsins gegn Japan, til Stalíns. Á tímum Frelsisstríðsins lagði Stalín fyrst ríkt á við okkur að þrýsta ekki á um byltinguna og hélt því fram að ef borgarastyrjöld brytist út, þá ætti kínverska þjóðin á hættu að tortíma sjálfri sér. Þegar bardagar blossuðu upp, þá tók hann okkur hálft í hvoru alvarlega og hálft í hvoru með fyrirvara. Þegar við sigruðum í stríðinu, grunaði Stalín að sigur okkar væri af Tító-gerðinni, og á árunum 1949 og 1950 vorum við vissulega undir miklum þrýstingi. Þrátt fyrir þetta, höldum við því fram að mistök hans skuli metin 30 af hundraði og þrekvirkin 70 af hundraði. Þetta er aðeins réttlátt.

Við verðum að halda áfram að nema verk Stalíns af iðni í þjóðfélagsvísindum og marx-leníninisma, hvar sem hann hefur á réttu að standa. Það sem við eigum að nema, er allt það sem hefur að geyma algildan sannleika og við verðum að tryggja að þetta nám sé tengt kínverskum raunveruleika. Ef fylgt væri hverri setningu, jafnvel í ritum Marx, myndi það leiða til ringulreiðar. Hugmyndafræði okkar er kerfi algildra sanninda marx-leníninismans ásamt starfsreynslu kínversku byltingarinnar. Eitt sinn gerðust sumir félagar í Flokknum bókstafstrúarmenn, og þetta sætti gagnrýni okkar. Engu að síður er enn á ferðinni bókstafstrú í dag. Hún lifir enn í háskólaeiningum og einnig í efnahagseiningum." (Selected works of MAO TSETUNG, Volume 5, bls. 304; þýðingin er á ábyrgð Verkalýðsblaðsins).

Við höfum engu að bæta við þessi orð félaga Mao Tsetungs, en þar er í örstuttu máli dregin saman afstaða marx-leníninista til Jósefs Stalíns og verka hans. Þessi orð Maos eru sannarlega í mótsögn við blekburð pólitískra nefapa á borð við Véstein Lúðvíksson og Árna Bergmann um frumkvöðla sósíalismans, og í rauninni sendir Mao þessa leigupenna auðvaldsins þangað sem þeir eiga heima og munu bera sín pólitísku bein - á sorphauga mannkynssögunnar.

LANDSFUNDUR ALÞÝÐUBANDALAGSINS 1. GREIN
KRATARÆÐA RAGNARS

Ætlunin er að gera nokkra úttekt á síðasta landsfundi Alþýðubandalagsins. Alls verða birtar í Verkalýðsblaðinu 4 greinar. Sú fyrsta fjallar um setningarræðu Ragnars Arnalds, önnur í röðinni um stjórnmálaályktun fundarins, sú þriðja um hermálið og AB og sú fjórða um stöðu flokksins, kosningar o.fl.

AB erí einu og öllu orðinn umbótaflokkur, sem miðar starf sitt og stefnu við borgaralega samfélagið og stendur þar við hlið hinna borgaralegu flokkanna.

SAMA OG BRÉJSNEF.

AB beitir samskonar brögðum og leiðtoginn Bréjsnef til að afla sér fylgis og álits alþýðufólks. Flokkurinn kallar sig alþýðlegan og sósíalískan. Gjarnan hefja slíkir "sósíalistar" mál sitt með því að segja "VÉR SÓSÍALISTAR" og setja þannig vörumerki á innihaldið, sem sannast að er fjandsamlegt hagsmunum alþýðunnar. En það er sama hversu ríflega AB skreytir sig "sósíalísku" vörumerki, sá flokkur verður aldrei sósíalískur flokkur, til þess vantar AB öll eðliseinkenni raunverulegs sósíalísks flokks.

"RÓTTÆK ÖFL" - "VINSTRI ÖFL"

Í allri setningarræðu sinni á landsfundinum klifar Ragnar Arnalds á óljósum safnhugtökum, eins og "róttæk öfl", "vinstri öfl" o.s.frv. Hins vegar er hvergi minnst á höfuðstéttir þjóðfélagsins eða stéttabaráttu þá sem sífellt er háð. Þessi "öfl" tákna í raun kjósendur AB úr öllum þjóðfélagsstéttum og eiga ekkert skylt við marxíska stéttgreiningu, t.d. í verkalýðsstétt og auðstétt.

Í marxískri stéttgreiningu er lögð áhersla á verkalýðsstéttina í heild en ekki eingöngu "róttæk öfl".

ÍSLENSKA ÞJÓÐFÉLAGIÐ

Í ræðu Ragnars er íslenska þjóðfélagið greint sem blandað hagkerfi(?) og sagt er að "hægri" og "vinstri" stjórnmálahreyfingar hafi allar orðið fyrir "sósíalískum áhrifum(?).

Marxisminn greinir þjóðfélög eftir því hvaða framleiðsluhættir eru ríkjandi og hvaða stétt er ríkjandi. "Blandað" hagkerfi AB-forystunnar er rugl úr hagfræðingum auðstéttarinnar, sem vilja með þessu glepja alþýðu til stuðnings við auðvaldsskipulagið. Þessi greining er liður í "stjórnlist" AB: - Að taka upp meiri ríkis- og félagsrekstur og búa þannig til "sósíalisma" með hjálp þingræðisbaráttu. Þessi ríkis- og félagsrekstur er jafn mikill auðvaldsrekstur og rekstur einkafyrirtækja vegna þess að völd auðstéttarinnar og yfirráð hennar yfir ríkisvaldinu eru alsendis óskert. Þannig verður þetta þangað til ríkisvaldinu er sundrað og nýtt stéttarveldi verkalýðsins er byggt upp. Speki Ragnars er sú sama og speki kratans Olof Palme, forsprakka sænska krataflokksins, sem segir að Svíþjóð sé "nærri því sósíalískt ríki". Sannleikurinn er sá að Ísland er þjóðfélag einokunarauðvalds, sem er samtvinnað síauknum umsvifum og arðráni erlendis. Þetta felur AB og sýnir með stjórnarsetu og stefnu sinni að flokkurinn er í raun talsmaður ríkisauðvaldskerfis en ekki sósíalisma.

OG SAMT TALAR RAGNAR UM SÓSÍALISMA.

Setningarræða Ragnars nefndist "Íslenskur sósíalismi

Frh. á bls. 4